

UNGMENNARÁÐ ÁRBORGAR ÓSKAR EFTIR ÞVÍ AÐ BÆJARSTJÓRN BEITI SÉR FYRIR ÞVÍ AÐ HEIMAVIST VERÐI KOMIÐ UPP AÐ NÝJU VIÐ FSU

- Það er ólíðandi að ekki sé heimavist til staðar við Fjölbrautarskóla Suðurlands. Leiguverð hefur hækkað mikið á síðustu misserum og því er ekki jafnræði á meðal ungs fólks í landshlutanum varðandi nám við skólann. Sem dæmi er vitað um ungmenni séu að keyra yfir 80 km á hverjum morgni til að mæta í skólann. Ferðakostnaður hefur einnig hækkað mikið á þessu tímabili. Þetta er stærsti framhaldsskólinn á svæðinu og sá öflugasti sem býður uppá iðnám. Þrátt fyrir þessa staðreynd er FSu eini skólinn á svæðinu sem hefur ekki heimavist við skólann. Sveitarfélagið Árborg getur stutt við þessa hugmynd með aðgerðum svo sem að gefa lóð undir fasteignina.